



Reykjavík, 14.september 2007

Til Skólastjóra gunnskólanna í Reykjavík

Efni: Málið - Ræðukeppni ÍTR fyrir gunnskólana í Reykjavík

Á fundi Íþróttá- og tómsundaráðs föstudaginn 12.janúar sl. var samþykkt tillaga um að efna til ræðukeppni meðal grunnskólanemenda í unglingsaldri. Skrifstofu tómsundamála var falin umsjón með verkefninu.

Hver skóli sendir eitt lið til keppinnar sem skipað er einum liðsstjóra og þremur ræðumönnum, frummælanda, meðmælanda og stuðningsmanni. Stefnt er að því að tvískipta keppninni með sama hætti og spurningakeppni ÍTR. Fyrri hluti er útsláttarkeppni þar sem keppt er í fjórum borgarhlutum um hverfismeistaratitil. Seinni hlutinn eru svo úrslit þar sem hverfismeistararnir mætast í undanúrslitum og úrslitum. Fyrirkomulag mun þó ráðast af þátttöku og verður umgjörð keppinnar kynnt frekar á fundi með fulltrúum þeirra liða sem skrá sig til þátttöku þriðjudaginn 2.október kl. 15:00 hjá ÍTR á Bæjarhálsi 1.

Stefnt er að því að keppnin hefjist 8.október og að henni sé ljúki í lok febrúar. Við framkvæmd keppinnar óskar ÍTR eftir samstarfi við þá grunnskóla sem taka þátt um aðstoðu til keppishalds. Umsjónarmaður keppinnar verður Atli Bollason.

Grunnskólar eru hvattir til að aðstoða nemendur við undirbúning eftir bestu getu og höfða bæði til stelpna og stráka þegar kemur að mótun keppnisliðs.

Vinsamlega virðið skráningafrestinn því frekari skipulagning keppinnar tekur mið af fjölda þátttökuskóla á lokadegi skráningar.

Vinsamlegast kynnið málið fyrir nemendaráðum og félagsstarfskennurum.

**Með kærri kveðju,
Soffía Pálsdóttir
Skrifstofustjóri tómsundamála - ÍTR**